



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á málþinginu  
„Er íslenskan góður „business“?“  
Stefnumót fyrirtækja og fræðasamfélags**

**Veröld – Húsi Vigdísar  
16. október 2019**

Vigdís Finnbogadóttir,  
mennta- og menningarmálaráðherra,  
rektor Háskóla Íslands,  
aðrir góðir gestir.

Ég þakka Almennarómi og öðrum, sem standa að þessu málþingi, fyrir þarft framtak og gott. Við þurfum að ræða um íslenska tungu og stöðu hennar í heimi breytinga, heimi nýrrar tækni og alþjóðavæðingar. Vissulega megum við bera ugg í brjósti, að málinu er sótt á svo marga vegu. Samt er óþarfi að örvænta, þó ekki væri nema vegna þess að fólk hefur áður verið uggandi og hér erum við enn; við tölum enn þetta mál sem hefur þróast og breyst í aldanna rás en ber þó merki síns forna uppruna.

Tæknibyltingar valda ætíð þáttaskilum. Með prentlist á miðöldum svarf að íslenskri tungu. Siðaskiptin bar að um svipað leyti og hvað ef hið nýja guðsorð hefði verið þrykkt á dönsku eins og gerðist í Noregi? Við vitum hvernig fór þar. En hér varð raunin önnur. Í kristilegri handbók fyrir kennimenn á Íslandi, sem Marteinn Einarsson þýddi og gaf út árið 1555, segir að prestar skuli lesa „Collectuna i modurmale“. Einhvers staðar las ég að Guðbrandur Þorláksson hefði tekið undir það „því hverninn kann fólkið ellegar að segja amen þar til“? – Og kollekta, hvað er nú það fyrir nokkuð? Jú, bæn prests fyrir altari á undan ritningarlestri.

Ekki var þó lokasigur unninn. Vitrir menn og spakir létu í ljós áhyggjur af stöðu íslenskrar tungu, Arngrímur lærði sem vildi hreinsa erlend orð úr málinu, Jón Ólafsson – Grunnavíkur-Jón – sem bjó til ýmis nýyrði og svo Eggert Ólafsson sem orti svartsýnn um sótt og dauða íslensks máls:

Um þá tíð sem er í dag,  
yrkja vildi eg stuttan brag:  
Íslenskan er orðin sjúk  
iðrastemmu þarf í bók,  
því frúnni lengi fallið hefir fæðan mjúk.

Og hvers vegna? Jú, danskan læddi sér inn í hvern krók og kima. Skáldið kvað áfram:

Herrar þeir, sem hér við land  
höndla' um fisk og sokkaband,  
*hafa innsigt i hof-vesen,*  
haldnir kónsins vildarmenn,  
*kompliment og kléna túngu kenna' ígjen.*

Hvað var til ráða? Hvers vegna að streitast á móti, hví ekki að fagna breytingum og sættast við nýja tíma? Um miðja átjándu öld sagði Sveinn lögmaður Sölvason liggja í augum uppi að heppilegra væri að nota dönsk orð en íslensk í ritum um lögfræði á íslensku. Og frægt er í sögunni hvað Bjarni Jónsson skólameistari í Skálholti lagði til, að hætta bara að mæla á íslensku og nota dönsku í staðinn.

Svo fór ekki, ágætu áheyrendur, ekki síst vegna baráttu Bessastaðakennara, Fjölnismanna og annarra málsiðbótarmanna á nítjándu öld sem vildu endurnýja og styrkja tunguna með tilvísan til horfinnar gullaldar í málfarsefnum, hreinsa hana af dönskuslettum. Nú hljóma þær nánast eins og gullaldarmál þá sjaldan þær heyrast. En enskan varð nýtt áhyggjuefni. Straumhvörf urðu í seinna stríði. „Það er í sköpun hér á landi nýtt götumál, skrílmál,“ sagði Halldór Halldórsson íslenskufræðingur í styrjöldinni miðri og tók dæmi um þau orðskrípi sem enduðu á -ó: púkó, sveitó og þar fram eftir götunum. Árni Pálssyni, þeim þekktu fræðimanni, var íslenskan svo hjartfólginn að honum varð beinlínis illt þegar hann heyrði eða las slettur, mállleysur og annan „andlegan fáráðlingahátt“ eins og hann komst að orði. Og hér er eitt dæmi enn um ugg þeirra sem verja vildu málið: „Í stað þess að láta íslenzkuna gruggast og afbakast,“ skrifaði Ólafur Jóhann Sigurðsson, „á æskulýðurinn að skarta daglega skírasta málmi tungunnar og bera kinnroða fyrir hvert kringilyrði af erlendum toga spunnið.“ Aðra leið fór skáldið Elías Mar í

skáldsögunni Vögguvísu árið 1950 þar sem slangur og slettur æskufólks sáust eiginlega í fyrsta sinn í íslenskum skáldskap.

Hér hefur verið vitnað í karla en við jöfnum kynjahallann í samtímanum, á þessari ráðstefnu, í húsi Vigdísar. En hvernig ætli þessum gengnu skáldum og íslenskumönnum liði ef þeir gætu verið meðal vor nú um stundir? Tækninýjungar, síaukin samskipti við umheiminn og alþjóðamening, einkum þó engilsaxnesk, hafa gerbylt umhverfi íslenskrar tungu. Enskan læðist alls staðar að. Fyrir rúmum áratug, á því herrans ári 2007, var ýjað að því að íslensk fjármálafyrirtæki hlytu senn að skipta yfir í ensku í öllum innanhússamskiptum sínum. Einnig heyrðist að í háskólum yrði að auka vægi ensku, jafnvel á kostnað íslensks máls. Sveinn Sölvason og Bjarni Jónsson gengu aftur, ef svo má segja.

Á Íslandi verður íslensk tunga að skipa öndvegi, í fyrirtækjum, háskólum og samfélaginu öllu. Í lögum segir að íslenska sé þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi. Eflaust mætti treysta þá grunnstoð enn frekar með því að geta hennar í stjórnarskrá okkar.

Hér munum við þó aldrei lifa góði lífi í einangrun og ótta við erlend áhrif. Við þurfum að geta hugsað, lesið og skrifað á íslensku en öðrum málum líka. Við þurfum að sjálfsögðu að vinna með fólki sem talar ekki íslensku, finna til þess hentugar samskiptaleiðir, og við þurfum að hjálpa því fólki að læra íslensku sem flytur hingað ef það óskar þess. Við megum ekki vera hrokafull í garð þeirra sem kunna málið ekki til hlítar, við megum ekki gera óspart gys að þeim sem verður fótaskortur á tungunni. – Og við verðum að tryggja sess íslenskunnar á nýjum vettvangi.

Góðir áheyrendur: Hér og nú leiðum við hugann að framtíð málsins í stafrænum heimi og einnig að framtíð íslensku í atvinnulífi og viðskiptum. Hér eins og annars staðar breyta samfélagsmiðlar og snjallsímar málnotkun; fólk tístir stutt en ekki endilega laggott. Nýir mátar hraða málkerfisbreytingum, til dæmis þeim að við missum kannski þolfall og viðtengingarhátt úr daglegu máli. Eignarfallið á líka undir högg að sækja en þágufallið lifir góðu lífi, eiginlega of góðu lífi, sjúklega góðu lífi, myndu sumir segja.

Meginvandinn er þó þessi: Við getum ekki talað við tækin okkar á íslensku. Þetta er eitt meginviðfangsefni okkar daga, eins brýnt og það var á sínum tíma að eiga guðsorð á íslensku – því hvernig kann fólkið ellegar að tala við Sirrý og Alexu?

Við skulum ekki örvænta. Starfið er hafið, undir merkjum Almennaróms og annarra brautryðjenda. Á Alþingi er kominn talgreinir

sem getur fært hið talaða orð í texta – en erlend orð vefjast fyrir honum; Tony Blair verður „tón í blöð“ og Pia Kjærsgaard „tíu kerskálar“. Við getum líka stuðst við þýðingarvélur en þar eru vítin svo sannarlega til að varast. Í niðurlagi síðasta þingsetningarávarps bað ég þingmenn að venju að minnast ættjarðarinnar og rísa úr sætum. Í enskri þýðingu „google“ verða þau orð svona: „I ask parliamentarians to remember the motherland – and resign“.

Góðir áheyrendur. Við leggjum ekki árar í bát, og gangi herra gúggla eða frú gúgglu vel að þýða það orðtak þannig að allir skilji. Vandí fylgir vegsemd hverri og nú er verk að vinna. Hér á eftir byrjum við að safna raddsýnum í þágu hins góða málstaðar. Ég ítreka þakkir til þeirra sem skipulögðu þessa ráðstefnu. Eigið ekki góðan dag og hafið ekki góðan dag – þar hefur enskan smogið sér inn í gamla og góða kveðju á íslensku. Njótið dagsins og lifið heil.